

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 26/2010**

**frá 12. mars 2010**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2010 frá 29. janúar 2010 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 771/2008 frá 1. ágúst 2008 um reglur sem varða skipulag og málsmeðferð kærunefndar Efnastofnunar Evrópu <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 987/2008 frá 8. október 2008 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006):  
  
„– **32008 R 0987**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 987/2008 frá 8. október 2008 (Stjtíð. ESB L 268, 9.10.2008, bls. 14)“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zr (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/324/EB):  
  
„12zs. **32008 R 0771**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 771/2008 frá 1. ágúst 2008 um reglur sem varða skipulag og málsmeðferð kærunefndar Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð. ESB L 206, 2.8.2008, bls. 5).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 16, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 206, 2.8.2008, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 268, 9.10.2008, bls. 14.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 771/2008 og 987/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.